

27. maí 2013

Málsnr. 1202338

Bæjarhraun, hjóla- og göngustígur

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 19. mars 2013 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hjóla- og göngustíg við Bæjarhraun í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið deiliskipulagsins er stefnt að auknu öryggi hjólandi og gangandi umferð um Bæjarhraun.

Deiliskipulagið var til sýnis hjá skipulags- og byggingarsviði Norðurhelli 2, frá 4. apríl – 16. maí 2013. Athugasemdir bárust.

1. athugasemdir frá Stefáni Veturliðasyni framkvæmdastjórna VSB verkfræðistofu. Sjá nánar athugasemd dags. 16. maí 2013.

Í athugasemdinni kemur fram að svæðið takmarkast við fyrirhugaðan göngu- og hjólastíg og full ástæða sé að skoða Bæjarhraunið og næsta nágrenni í heild sinni ásamt tengingar við götur og gönguleiðir. Bílastæði eru á sama stað og umræddur hjólastígur á að liggja og skv. tillögunni virðist því bílastæðum fækka. Óljóst sé því með fjölda bílastæða í „vösum“ og er óskað eftir nánari upplýsingum. Ekki kemur fram hvaða hátt aðgreining götu og stígs sé háttað. Umferð gangandi er enn óskilgreind. Einnig er spurt hvort að það komi til álita að færa stíginn nær Fjarðarhrauni.

Svar:

Það er rétt að deiliskipulagið takmarkast einungis við umræddan stíg, hins vegar stendur til að gera deiliskipulag fyrir reitinn þar sem verður tekið á öllum þeim atriðum sem nefnd eru í athugasemdinni. Hvað bílastæðin varðar fækkar þeim ekki heldur eru 2 „vösum“ bætt við með samtals 16 stæðum. Hvað varðar þá ábendingu hvort að það komi til greina að færa stíginn nær Fjarðarhrauni að þá gera bílastæðin það að verkum (vegna stærðar sinnar) að stígurinn mun lenda nær Fjarðarhrauni en Bæjarhrauni og þannig mun hann ekki þjóna gangandi umferð um Bæjarhraun og einnig er að hann staðsettur í miklu meiri umferðarþunga.

Umferðin um stíginn verður skilgreind skv. þeim reglum sem gilda um slíkar merkingar.

2. athugasemdir frá Árna Davíðssyni formanni Landssamtaka hjólréiðamanna (LHM) Sjá nánar athugasemd dags. 16. maí 2013.

Vísað er í leiðbeiningar um hönnun fyrir reiðhjól sem Efla verkfræðistofa gaf út og eins veghönnunarreglur Vegagerðarinnar. Samtökin minna á reglur um umferðarmerki. Lagst er alfarið gegn því að merktur sé sérstígur fyrir hjólandi á göngustíg sem ekki uppfyllir kröfur hönnunarleiðbeininga.

Landssamtökin leggja til að legu stígsins verði breytt á deiliskipulaginu á þann hátt að hann liggi í beinu framhaldi, án hlykkja, yfir Hólshraun og gatnamótin verði útfærð í samræmi við það. Einnig að gatnamótunum (hringtorg) við Bæjarhraun, Fjarðarhraun og Flatahraun verði breytt á þann hátt að 5 armurinn verði tekin af og í stað þess verði ekið inn í Bæjarhraun frá Flatahrauni með T-gatnamótum. Þverunin verði útfærð með ljósastýringu eða á upphækkun með gangbraut. M.t.t. öryggis er almennt talið betra að hafa einstefnu hjólastígs í aksturstepnu umferðar á vegi sitt hvoru megin götu, spurt er hvort að það hafi komið til greina að skoða þá lausn. Æskilegt er að ökuhraði sé 30 km/klst. á Bæjarhrauni. Huga skal vel að þverunum og þarf sýn milli stígs og gatna á gatnamótum að vera fullnægjandi og ekki má skerða sýn með gróðri eða skiltum. Einnig kemur fram að huga þurfi betur að tengingu við Kaplahrauni til suðurs og einnig að gera ætti ráð fyrir nýjum aðalstíg milli Kaplakrika og Reykjanesbrautar og bæjarmörkum við Góu. Huga þarf að tengingum austur að stíg í Garðabæ við Miðhraun og eins til vestur að Fjarðarhruni með ljósastýrðum þverunum eða gangbrautum. Göngubrú yfir Fjarðarhraun í Engidal yfir í Garðabæ. Einnig þarf að gera stíg vestan vegin við Fjarðarhraunið í N-S stefnu.

Svar:

Við gerð þessa deiliskipulags hafa þessar viðmiðunarreglur verið hafðar til hliðsjónar og var Vegagerðinni sent málið til umsagnar og voru viðbrögð þeirra jákvæð. Hér er ekki um að ræða göngustíg sem merktur verður hjólastígur heldur er þetta 3.5 m breiður **hjóla- og göngustígur**. Ekki er hægt að færa til ljós á gatnamótum Reykjanesbrautar/Hólshrauns og þar með taka hlykk af stígnum þar sem ljósastýrð umferðarljós vega stóran þátt í stjórnun á akandi umferð um þessi gatnamót. Hvað varðar að taka af 5 arminn af hringtorgi við Flatahraun/Reykjanesbraut og hafa innkomu frá Flatahrauni að þá stendur til að gera heildrænt deiliskipulag fyrir allan reitinn og munu allar ábendingar varðandi þetta mál skila sér þangað inn. Ekki stendur til að skerða sýn með frekari gróðursetningum en hins vegar munu verða sett upp skilti skv. þeim reglum sem gilda um þær staðsetningar. Ef Bæjarhraunið á að vera 30 km gata þarf allt hverfið að verða það líka. Á þessu stigi máls stendur ekki til að breyta því. Aðrar ábendingar eru utan deiliskipulagmarka og verða teknar til greina við vinnu við endurgerð aðalskipulags og eins nánara deiliskipulags.

3. athugasemdir frá Davíð Arnari Stefánssyni Sjá nánar athugasemdir í 2 tölvupóstum dags. 10. apríl 2010

Bent er á þvera þurfi bæði Flatahraun og Bæjarhraun nálægt hringtorginu við Flatahraun/Reykjanesbraut og sé sú tenging of nálægt hringtorginu og gæti slíkt skapað hættu. Bílastæði við Bæjarhraun skapa hættu við inn- og útakstur og fjarlægja ætti bílastæðin. Bæjaryfirvöld þurfa að fylgja framkvæmdinni eftir með skiltauppsetningu og viðhaldi á götunmerkingum. Einnig þurfa bæjaryfirvöld að tryggja hreinsun og vetrarþjónustu og beita sér fyrir eftirliti og að sektunum sé beitt leggi bílstjórnar ólöglega eða brjóti á hjólreiðafólki. Uppdráttur óskýr. Er komin tími til að strætó keyri Bæjarhraunið?

Í næsta tölvupósti kemur fram eftirfarandi:

Viðbúið er að hjólreiðafólk á leið norður Bæjarhraunið munu ekki leggja á sig að þvera götuna til að nota stíginn heldur halda sömu leið og áður. Aftur á móti nýtist leiðin vel fyrir þá sem hjóla suður Bæjarhraunið. Bílastæðin austan megin gætu reynst slysigildra. Lagt er til að leggja hjólaleið beggja vegna götunnar, hjólarein eða hjólavísa austanvegin. Að bílastæðin verði fjarlægð austan megin Bæjarhrauns.

Svar:

Í þessu deiliskipulagi er mjög þröng mörk og í raun liggja mörkin í kanti stígsins. Hins vegar stendur til að endurskoða allan reitinn í heild sinni og þá koma þessar ábendingar að góðu gagni. Hvað varðar að þverun sé of nálæg hringtorgi Flatahraun/ Reykjanesbrautar hafa komið ábendingar um að þessi svokallaði 5 armur sé hættulegur og munum við sérstaklega skoða þetta svæði í þeirri vinnu.

Bílastæðin sem liggja að húsunum við götuna eru mikil slysigilda þar sem það þarf að bakka úr stæðunum inná Bæjarhraunið til að komast út, að auka á umferð um þetta erilsama svæði með því að leggja hjóla- og göngustíg þarna í gegn myndi auka hættuna enn frekar. Tenging stígsins í Garðabæ er á mótis við umræddan stíg. En það er ekkert sem bannar það að hjólreiðamenn noti enn sjálfa götuna. Bílastæðin í svokölluðum „vösum“ austan megin á stæðinu eru mun hentugri og eins hafa sum þjónustufyrirtæki kallað eftir aukningu bílastæða. Við munum koma ábendingum um rétt hjólreiðamanna og hvar bílar megi leggja til Lögreglu. Ekki stendur til að strætó keyri Bæjarhraunið eins og staðan er dag. Þessi stígur mun fá sömu þjónustu hvað varðar snjómokstur og hreinsun og aðrir stígur í bæjarlandinu. Götumerkingar og skiltauppsetningar munu fylgja í kjölfarið við gerð þessa stígs. Stígurinn er með niðurtektum þannig að engar brúnir eða kantar ættu að vera á þessari leið.



Umsögn Skipulags- og byggingarsviðs.

Margar gagnlegar ábendingar hafa borist við gerð þessa deiliskipulags og er það ánægjuefni hversu margir hafa sýnt þessu deiliskipulagi mikinn áhuga. Hjólreiðar eru greinilega að ryðja sér rúms og er það ánægjulegt. Það er ljóst að það þarf hefja vinnu við að gera heildstætt deiliskipulag fyrir þennan reit en í þessari atrennu er í raun bara horft á stíginn sjálfan þar sem samkomulag hefur verið gert við Vegagerðina um að leggja til fjármagn við gerð þessa stígs núna í sumar skv. þeirri samgönguáætlun sem nú er í gildi.

Með þessu móti erum við að fylgja markmiðum þessarar áætlunnar og einnig mun þrenging Bæjarhraunsins slá á umferðarhraða.